

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1914.

Lög um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu, undirskrifuð af konungi 1. ágúst 1914.

Lög um viðauka við lög 1. ágúst 1914, um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu, undirskrifuð af konungi 3. ágúst 1914.

Lög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum, og á póstávisunum, undirskrifuð af konungi s. d.

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna um skýrslur viðvikjandi ábúð seldra þjóðjarða og kirkjujarða. 82
20. júlí

Í lögum nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, 13. gr., og 13. gr. laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, er svo mælt fyrir, að ef jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögnum, gengur úr sjálfsábúð áður en kaupverðið er að fullu greitt, þá falli eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

Með tilvísun til þessara lagaákvæða og að þar til gefnu tilefni á yfirstandandi alþingi, skuluð þjer, herra sýslumaður, beðinn að leggja fyrir hreppstjórana í umdæmi yðar að senda yður eftir fardaga ár hvert skýrslu um, hvort nokkrar af þjóðjörðum þeim og kirkjujörðum í hreppnum, sem enn hvila á eftirstöðvar af andvirðinu, verði að teljast gengnar úr sjálfsábúð, og þá hverjar. Þessar skýrslur óskast svo sendar hingað með þeim ummælum og frekari upplýsingum, er þjer finnið ástæðu til.

Í þessu skyni er yður hjermeð send skrá yfir seldar þjóðjarðir og kirkjujarðir í umdæmi yðar, og eftir hver áramót mun yður verða send áþekk skrá, þar sem þeim jörðum er bætt við, er seldar hafa verið síðar, og þær jarðir feldar burt, er kaupverð þeirra er að fullu greitt.

Reglugjörð

83
14. júlí

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um breyting á reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu 19. júní 1905 um fjallskil og fl.

1. gr.

Orðin í 3. málsgrein 17. gr. »og ráða menn í þær gegn endurgjaldi af sveitarsjóðnum« ná ekki til Vindhælis- og Engihlíðarhrepps.

83

14. júlí

2. gr.

Í stað »30 aura« í 46. gr. komi: 60 aurar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. september 1914.

Í stjórnarráði Íslands, 14. júlí 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

84

6. ágúst

Reglugjörð

um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurlálfu, samkvæmt lögum 1. ágúst 1914.

1. gr.

Samkvæmt 3. gr. laga 1. ágúst 1914 er algerlega bannað að flytja út úr landinu eða selja úr landinu allar aðfluttar nauðsynjavörur, svo sem matvæli, veiðarfæri, salt, kol o. s. frv. Þó er skipum heimilt að taka hjer kol eða aðrar birgðir, sem þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

2. gr.

Brot gegn fyrimælum 1. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., og auk þess skulu hinar afhentu nauðsynjavörur teknar aftur.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Í stjórnarráði Íslands, 6. ágúst 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.